



Borgarráð

Kvistaborg - Nýbygging.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna framkvæmda við nýbyggingu á lóð leikskólans Kvistaborgar í Fossvogi.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir haustið 2025 og er áætlaður framkvæmdatími 18 mánuðir.

Heildarkostnaðaráætlun er 850 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdin felst í smíði 778 m² nýbyggingu á lóð leikskólans Kvistaborg við Haðarland 26. Byggingin verður reist að hluta til á sökklum eldri bygginga, byggðum 1971 og 1995. Eldri byggingar verða rifnar en steiptir útveggir standa áfram að hluta ásamt hluta af steiptum gólfplötum, skriðkjallara og sökklum.

Leikskólinn stækkar um eina deild og leikskólabörnum fjölgar um 35. Kvistaborg verður þá fimm deilda leikskóli með samtals 110 leikskólabörnum.

Kostnaðarstaður: 1106

Kostnaðaráætlun: 850 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning



Kvistaborg Nýbygging

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ




Lýsing á framkvæmd

- Um er að ræða 778m² nýbyggingu sem stendur að hluta til á sökklum eldri bygginga, byggðar 1971, og viðbygging frá 1995. Eldri byggingar verða rifnar en steiptir útveggir eldri byggingahluta (1971) standa áfram ásamt hluta af steiptum gólfplötum, skriðkjallara og sökklum sem nýtt verður áfram í nýbygginguna. Byggingin verður á einni hæð.
- Byggingin telur fimm deildir ásamt fjölnota sal/alrýmis, eldhús, skrifstofu og undirbúningsrými starfsmanna, kaffistofu og öðrum stoðrymum.
- Aukning pláss er 35, úr 75 í 110 pláss.



Yfirlitsmynd og útlit





3D skýrsla frá mynd





Ásýndir





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 850.000 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir haustið 2025.

Áætlaður framkvæmdatími er 18 mánuðir.



Reykjavík